

Nd.

389. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Pálma Hannessyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

4. gr. laganna skal orða svo:

Útvarpsráð skipa fimm menn. Skulu fjórir þeirra og jafnmargir til vara kosnir hlutfallskosningu meðal þeirra allra, er útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmæt gjöld samkvæmt lögum þessum. Kennslumálaráðherra felur skrifstofu ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda. Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að herað fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn átta manna, þeirra er kjörgengir eru, og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 100 útvarpsnotenda. Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmæt gjöld samkvæmt lögum þessum, er ekki fastráðinn starfsmaður ríkisútvarpsins og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum útvarpsráðs. Kennslumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um tilhögun kosningarinnar og talningu atkvæða, enda sé fulltrúum útvarpsnotenda tryggður réttur til eftirlits með kosningunni.

Kosning þessi gildir til fjögurra ára í senn. Skal kosningin fara fram í febrúar eða marz, en hinir kjörnu útvarpsráðsmenn taka sæti í útvarpsráði 1. maí næstan á eftir.

Kennslumálaráðherra skipar fimmta mann í útvarpsráð, og er hann formaður þess. Formaður skal skipaður um leið og þeir menn, sem kjörnir eru, taka sæti í útvarpsráði.

Nú koma ekki fram við kosningu í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda neinir kjörlistar, og ferst þá kosning fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra alla menn í útvarpsráð, þrjá samkvæmt tilnefningu þriggja stærstu flokka þingsins.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Umboð þeirra manna, er nú eiga sæti í útvarpsráði, gildir til 1. maí 1939.